

FUNDARGERÐ

545. aukafundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn miðvikudaginn 30. mars 2016 kl. 15:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Þráinn Sigurðsson boðaði forföll og ekki náðist í varamann hans. Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum

Gerðir fundarins

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 237. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 22. mars 2016

1. Sveitarstjórn – Bókun frá 544. fundi sveitarstjórnar.

Nefndin mælist til þess að við breytingu á aðalskipulagi verði bætt inn takmörkun er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði á grundvelli reglugerðar nr. 585/2007. Útleiga íbúðarhúsnæðis í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðar verði óheimil. Heimagisting verði heimiluð en verði að hámarki 10 manns í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna.

Sveitarstjórn samþykkir að með vísan í reglugerð nr. 585/2007 verði eftirfarandi takmörkun er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík bætt inn í greinargerðina með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps:

Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað.

Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggð.

Þá samþykkir sveitarstjórn að óska eftir því við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að efnt verði til funda og sérstakrar skoðunar á þeim málum sem hér eru til umræðu.

2. Páll Tómasson – Beiðni um breytingu á aðalskipulagi.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

3. Mýrdalshreppur – Aðalskipulagsbreytingar

Lögð er fram breytingartillaga á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags Mýrdalshrepps samþykkt á 235. fundi nefndarinnar. Tillagan er tekin til afgreiðslu ásamt umsögnum Skipulagsstofnunnar, Umhverfisstofnunnar, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að aðalskipulagið með framangreindri breytingu verði auglýst með vísan til 30 og 31.gr. skipulagslaga nr.123/2010

4. Steig – Umsókn um byggingarleyfi

Háaskjól ehf. 450215-0580. sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum á gömlu fjósi að Steig. Í breytingunni felst að innréttaður er veitingasalur, eldhús og salerni innan rýmisins samkv. teikningu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

5. **Steig – Umsókn um byggingarleyfi**

Háaskjól ehf. 450215-0580 sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum á gömlu íbúðarhúsi. Í breytingunni felst að húsið er klætt bárujárni.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

6. **Merking bílastæða vegna gistingar í íbúðabyggð**

Skipulagsnefnd mælist til þess að rekstraraðilar heimagistingar og útleigu íbúðarhúsa tryggi að næg bílastæði séu við húsnæði, bílastæði séu vel merkt auk þess sem húsnæði sjálf séu skilmerkilega merkt.

Sveitarstjórn tekur undir tilmæli nefndarinnar og felur sveitarstjóra að senda bréf á rekstraraðila og minna á skyldur viðkomandi vegna merkinga.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

IV. Fundargerðir til kynningar.

V. Kynningarefni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.16.50

Elín Einarsdóttir oddviti

Ingi Már Björnsson

Eva Dögg Þorsteinsdóttir

Pálmi Kristjánsson